

Ed.

622. Frumvarp

til laga um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl.

Frá samvinnunefnd allsherjarnefnda.

1. gr.

Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tíðkast, heimilt að löggilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hér á landi, til þess að skipa dómaraæti í lögreglumálum og halda

sakamálsrannsóknir i kaupstöðum landsins i forföllum hins reglulega dómara og á hans ábyrgð.

2. gr.

Heimilt er lögreglustjóranum i Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun fjesekta i öðrum málum en sakamálum.

Greinargerð.

I Reykjavík eru hin eiginlegu dómaraastörf þegar orðin svo umfangsmikil, að einum manni er það á stundum ofvaxið að hafa þau á hendi, svo vel sje, og að sama má búast við að geti rekið i hinum öðrum kaupstöðum landsins, þar sem dómaraarnir hafa svo mörgum og margvíslegum öðrum embættisstörfum að gegna en dómaraastörfum.

Hins vegar er ekki heimild til þess i íslenskum lögum að löggilda fulltrúa dómara til að hafa á hendi eiginleg dómaraastörf fyrir þá, nema alveg sjerstaklega standi á (tilsk. 19. ág. 1735, 2. gr.).

Úr þessu á 1. gr. frv. að bæta, þar sem dómsmálaráðherra er veitt heimild til þess að löggilda menn til þess að aðstoða bæjarfógeta i meðferð lög- reglumála og við rannsókn sakamála i forföllum dómara, og er ekkert varhugavert við það, þar sem áskilið er, að mennirnir (fulltrúar dómara) skuli fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hjer á landi.

Þar sem lögreglustjórinn i Reykjavík hefir ekki dómsvald, er svo litið á, að ekki verði menn látnir afplána sektir fyrir lögreglubrot, sem undirgengist er að greiða fyrir honum eða fulltrúa hans, sjeu þær ekki greiddar góðmótlega. — Verður þá að senda málin til bæjarfógeta og hann að taka þau fyrir af nýju. Þetta þykir óþarfa umstang, þar sem hjer er venjulega um smámál að ræða, og hins vegar ekki varhugavert að ákveða i lögum, að slíkar sektir megi afplána eftir sömu reglum og sektir, sem undirgengist er að greiða fyrir manni með dóm- aravaldi, þar sem eigi getur annað komið til mála en að i lögreglustjórastöðunni og i fulltrúastöðu hans sjeu jafnan færir lögfræðingar.